

## SGG PLANITHERM XN – EINANGRUNARGLER


### BETRI ORKUNÝTING – TÆRARA GLER

#### HELSTU KOSTIR

- ❖ Meira birtuflæði en í öðrum glertegundum sem gefur bjartari rými, betra útsýni og minni þörf á lýsingu innanhúss.
- ❖ Þægilegt hitastig inni. Mikið einangrunargildi dregur úr hitatapi, minnkar kælingu frá gleri og auðveldar þannig hitastýringu.
- ❖ Bætt orkunýting. Hiti frá sólinni berst auðveldlega í gegn um glerið og hitar upp rýmið.
- ❖ Glerið er sérstaklega hannað fyrir norrænar slóðir og hentar því einstaklega vel fyrir íslenskar aðstæður. Eldri tegundir (K-gler) búa ekki yfir sömu eiginleikum og Panitherm XN.

## BETRI ORKUNÝTING

Planitherm XN er ein besta tegund einangrunarglers sem völ er á í dag, með hámarks einangrunargildi, allt að 1,12. Þróuð hefur verið ný tegund húðar sem lágmarkar hitatapið í gegnum glerið. Á sama tíma hefur húðin þann eiginleika að hleypa hita sólargeislanna inn í rýmið svo orkan nýtist á sem besta hátt, sem stuðlar að lækkun hitakostnaðar.



## MEIRI BIRTA

Planitherm XN er eitt tærasta einangrunargler á markaðnum í dag. Glerið hleypir 82% af birtu sólarinnar í gegnum sig, sem gerir glerið eitt fullkonnasta sinnar tegundar.

## BETRI LAUSN

Planitherm XN er tilvalið fyrir allar tegundir glugga í íbúðarhúsnæði jafnt sem atvinnuhúsnæði. Glerið hentar bæði í nýbyggingar sem og til endurnýjunar í eldra húsnæði.

## MÖGULEGAR SAMSETNINGAR

Planitherm XN er haft sem innra gler á móti öðru ytra gleri, með lofti eða gasfyllingu á milli.

Mögulegar samsetningar eru t.d.:

- ❖ Með glæru flotgleri, sem er algengasta samsetningin.
- ❖ Með sérstöku gleri til að auðvelda þrif á gleri.
- ❖ Með hjóðeinangrunargleri til að auka hljóðeinangrun í húsum þar sem t.d. umhverfishljóð eru mikil og truflandi.
- ❖ Með öryggisgleri sem veitir aukna vörn gegn álagi, t.d. í hurðir, þakglugga o.fl.
- ❖ Með gleri sem veitir sérstaka vörn gegn upplitun af völdum útfjólublárra geisla, til að mynda á húsgögnum, gólfefnum, málverkum o.fl.

## EIGINLEIKAR

Þykkt í mm (gler-loftrými-gler) *1	Gasfylling	Einangrunargildi (u-gildi w/m <sup>2</sup> K) *2	Ljósgegnumflæði (LT) %	Sólarstuðull (SF) % *3	Endurkast ljóss (RLe)
4-16-4	Argon > 90%	1,12	82	65	11
4-12-4	Argon > 90%	1,18	82	65	11
4-10-4	Argon > 90%	1,45	82	65	11
4-8-4	Argon > 90%	1,68	82	65	11

\*1 4 mm Planitherm XN – 90% Argongas – 4 mm flotgler

\*2 Magn hita mælt í wöttum sem tapast á 60 mínútum í gegnum einn fermetra af gleri þegar hitamismunur innan og utan glers er 1\*K

\*3 Gegnumstreymi hitageisla sólarinnar. Hlutfall heildarorkuflæðis sem berst í gegnum gler.

## VÖRUÚRVAL ÍSPAN

Íspan býður upp á Planitherm XN í 4 mm, 6 mm og 8 mm þykktum. Þjóðum einnig fjölbreytt úrval af gleri s.s. einangrunargleri, speglum, lökkuðu gleri og hertu gleri, t.d. í handrið, vegg, sturtur og borðplötur svo eitthvað sé nefnt. Hafðu samband við sérfræðinga okkar og við finnum bestu lausnina fyrir þig.